

Mál nr. 354/2017

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Hólshrauni við Fjarðarkaup 25.9.2017.**Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 7.10.2017 og tölvupóstur f.h. M dags. 27.11.2017.

Bréf V2, dags. 15.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 24.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur varð milli bifreiða A og B á Hólshrauni þar sem bifreið A var ekið austur þá götu með fyrirhugaða akstursleið af götunni og inn á bifreiðastæði við verslunina Fjarðarkaup en bifreið B var ekið vestur götuna. Í skýrslunni kemur fram að hemlaför eftir bifreið B hafi verið 12 metrar á þurru malbiki. Í skýrslunni kemur fram að ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa haft fyrirhugaða akstursstefnu inn á bifreiðaplan og hafi ekki séð bifreið B fyrr en hún lenti á bifreið A. M bendir á í lögregluskýrslu að bifreið A hafi ekki verið kominn inn á rangan vegarhelming þegar árekstur varð, heldur hafi hann rétt verið byrjaður að taka beygjuna. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið eftir Hólshrauni á 40-50 km hraða þegar bifreið A hafi verið beygt í veg fyrir hann.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið á bifreið A kyrrstæða. M bendir á hemlaför og sagðan ökuhraða bifreiðar B og telur að af myndum af vettvangi megi ráða að bifreið B hafi verið ekið of hratt og í óeðlilegri akstursstefnu. V1 segir í bréfi sínu til nefndarinnar að það telji af myndum af vettvangi sýnt að bifreið B hafi verið komin inn á rangan vegarhelming þegar árekstur varð og verði ökumaður bifreiðar B því að bera alla sök á árekstrinum. V2 telur hins vegar að ökumaður bifreiðar A (M) beri alla sök á árekstrinum fyrir að hafa beygt til vinstri í veg fyrir bifreið B og vísar til þess að ósannað sé að bifreið B hafi verið ranglega staðsett á akbrautinni, en myndir af hemlaförum beri með sér að sú bifreið hafi verið staðsett langt til hægri á akbrautinni.

Álit.

Í gögnum málsins er skýrt að í aðdraganda áreksturs var bifreiðum A og B ekið á móti hvor annarri. Við þær aðstæður hvílir aðgæsluskylda á báðum ökumönnum að aka sem næst hægri brún akbrautar og að ökuhraði sé í samræmi við aðstæður. Það að ökumaður bifreiðar A (M) hafi ætlað að aka til vinstri og segist í lögregluskýrslu hafa verið rétt byrjaður að beygja þegar árekstur bendir til þess að hann hafi ekið til vinstri og þannig hafi ökumaður bifreiðar B fípast. Af myndum og hemlaförum má hins vegar ráða að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður. Þegar allar aðstæður eru metnar telst hvorugur ökumaður hafa gætt nægrar varúðar og rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.